



Fundargerð

417. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 8. febrúar 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Práinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, þrjú mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 416. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 11. janúar 2018.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd 5. febrúar 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1710014 - Stjórnsýslukæra 114/2017 vegna byggingaleyfis fyrir Tröllenda 1A.

Úrskurður kynntur.

2.2 1705013 - Samkomulag við Minjavernd vegna úrskurðar í stjórnsýslukæru 114/2017

Undirritað samkomulag samþykkt samhljóða.

2.3 1802002 - Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3 Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 1. febrúar 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 1710055 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 - aðalskipulagsbreyting Vestfjarðarvegur frá Bjarkalundi að Skálanesi, umsögn við vinnslutillögu.

Umsögn lögð fram og samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

4 Mennta- og menningarmálanefnd 25. janúar 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

4.1 1801028 - Viðvarandi álag á leikskóladeild.

Sveitarstjórn samþykkir skipulagsbreytingu samhljóða.

4.2 1801029 - Tölvuvæðing grunnskóladeildar.

Sveitarstjórn samþykkir að veita kr. 1 millj. í verkefnið samþykkt samhljóða. Fjármagnið verði flutt af deild 07211 yfir á 04211.

4.3 1801030 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags, sértæk úrræði fyrir nemendur.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina samhljóða.

Sveitastjórn tekur undir áhyggjur nefndarinnar um viðhaft vinnulag á milli sveitarfélaga þegar kemur að fóstubörnum, að ekki sé tekið tillit til þess hvernig aðstæður eru í viðtökuskóla og lítil samskipti og undirbúningur viðhafður áður en skóli þarf að taka við börnum. Sveitarstjóra falið að koma ofangreindri bókun á framfæri við Samband íslenskra sveitarfélaga.

4.4 1801033 - Skýrsla tómstundafulltrúa.

Skýrsla lögð fram. Tómstundafulltrúa falið að kynna sér frekar starf ungmennaráðs. Samþykkt samhljóða.

4.5. Tillaga um kaup á prestsbústað.

Sveitarstjórn hefur ekki í hyggju að kaupa prestsbústaðinn.

Fundagerðin samþykkt að öðru leyti.

5. Svæðisskipulagsnefnd 18. janúar 2018.

Fundargerð lögð fram og samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1802004 - Samningar um samstarf sveitarfélaga.

Erindi frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti dagsett 25. janúar 2018.

Sveitarstjóra falið að taka saman afrit af samstarfssamningum sem eru í gildi og koma þeim til ráðuneytisins. Samþykkt samhljóða.

2. 1703012 - Samningur um afritun höfundaréttavaris efnis.

Samningur við Fjölís lagður fram að nýju.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

3. 1708011 - Aðildasamningur Ríkiskaupa.

Samningur lagður fram að nýju.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

4. 1801006 - Mál frá nefndarsviðið Alþingis

4.1 Þingsályktum um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta, mál 50.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

5. 1610005 - Verndarsvæði í byggð - Flatey á Breiðafirði, stöðuskýrsla.

Stöðuskýrsla lögð fram.

6. 1711019 - Jarðhitasvæðið á Kletti Reykhólasveit.

Erindi frá Orkubúi Vestfjarða dagsett 31. janúar 2018, vegna fyrirspurnar 9. mars 2017 um yfirtöku Orkubúsins á greiðslu á rafmagni að dælu í borholunni að Kletti.

Erindi lagt fram og kynnt.

7. 1711014 - Öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

6.1 Samþykkt reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

6.3 Samþykkt reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 761, um aflabækur.

6.2 Rágjöf Hafrannsóknarstofnunar á heildartekju klóþangs í Breiðafirði 2018 - 2022.

Lagt fram og kynnt.

8. 1801004 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 18. janúar 2018.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

9. 1802005 - Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 18. janúar 2018.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

10. 1703018 - Fundargerð 854. og 856. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

11. 1802016 - Styrktar- og samstarfssamningur milli Reykhólahrepps og Ungmennafélagsins Aftureldingar.

Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að samningi með styrkuppþæð kr. 300 þús. á ársgrundvelli, auk húsaleigustyrks. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi. Samþykkt samhljóða.

12. 1802007 - Málefni mótuneytis Reykhólahrepps.

Rætt var um stöðu mála í mótuneytinu, ekki hafi fengist starfsmaður í mótuneytið þrátt fyrir auglýsingar og mikið álag hefur skapast. Umræða skapaðist um það hvort ávinningur hefði skapast af því að sameina mótuneytin á sínum tíma. Sveitarstjóra falið að taka saman upplýsingar um mótuneytið til að sjá hvort sameining hafi skilað tilætluðum árangri.

13. 1802008 - Beiðni um umsögn um umsókn Þörungaverksmiðjunnar um heimild til að vinna úr og nýta heitt vatn á Reykhólum.

Erindi frá Orkustofnun dagsett 7. febrúar 2018.

Sveitarstjóra falið að taka saman umsögn og koma á framfæri við Orkustofnun.

14. Fundargerð Stjórnar Barmahlíðar 5. febrúar 2018.
KK fór yfir fundargerðina.

Tillaga kom fram um ráðningu í viðbótarstarfshlutfall við hjúkrun á Barmahlíð. Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar. Sveitarstjóra falið að koma með upplýsingar fyrir næsta fund.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20:00
